



Þekkingarnet
Þingeyinga

ÞINGEY Í SKJÁLFAFLJÓTI

TÆKIFÆRI OG FRAMTÍÐ?

Sumar 2012
Þingey í Skjálfandafjöti
Heimildaöflun og verðmætakönnun
á Þingey sem ferðamanna-,
rannsókn- og menningarstað

Forsíðumyndir:
Loftmynd og kort af Þingey
Teikningar Brynjólfs Jónssonar af
Þingstaðnum í Þingey.

Þekkingarnet Þingeyinga
Ábyrgðarmaður /ritstjóri:
Óli Halldórsson

Heimildaöflun og textavinna:
Aðalsteinn J. Halldórsson
Hilda Kristjánsdóttir
Óli Halldórsson

Dómur á Þingey, drungi í lofti, á norðan.
Dimmir þjótandi skógar í hlíðunum standa.
Fjótstáran skolgráa freyðandi raular við sanda.
Fossarnir bassa úr gljúfrunum tveim megin anda.
Gengin í dauðagrópið er málaskorðan.

Þungbúinn mannhringur þétt við klettana bíður.
Þögulu glotti með einstaka fyrirbætur.
Fækkað um einn, sem flakkar, stelur og rætur.
Fjörkippnum lokið, gálgi yfir höfðinu mætur.
Hrollur um alla sem einn að endingu líður.

Flokkurinn dreifist, hann dofnað sem mynd á tjaldi.
Duff eru leikendur jafnt þeir frjálsu og hinn seki.
Einstaka svipur og örfá bein eru á kreiki.
Að getur borið að svipaða hrellingu vekti.
Koma þín þangað, ef kvöldskuggar ná á þér valdi.

Langt er nú síðan en aðgætum ívið betur:
Öldruðum manni, sem lítur snöggvást til baka.
Finnst eins og ævin sé andartaks næturvaka.
Auðveldar miklu að hugsa til þess eða taka.
Sem gerðist í æsku, en í gær eða síðasta vetur.

Nálgast þá ekki og glöggvást hinn dapri dagur.
Dómpingið, mannþröngin, aftakan, búðir og vellir.
Skilst ekki þetta, sem þyrmir yfir og hrellir.
Þegar skuggana á eyjuna Hnúkurinn fellir?
Rökkvar og kólnar og röðullinn slokknaður fagur.

Við erum þjóðin sem þéttast stóð upp við klettinn.
Þjófurinn, böðullinn, dómendur, mannþröngin
frama.
Þingeyska blóðinu blandaðir hinu sama.
Bljúgjur, harðir, skiptir til galsa eða ama.
Frjálsir í orði, en fjöttraðir, nístir við blettinn.

Ketill Indriðason

1953.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
1.1 Verkefnið	1
1.2 Aðferðir	1
2. Þingey.....	2
2.1 Staðhættir og náttúrufar	2
2.2 Sagan.....	2
2.3 Fornleifar í Þingey	4
2.4 Þingey sem þjóð- eða héraðsgarður	6
2.5 Eignarhald á Þingey	7
3. Nýting og aðgengi	8
4. Niðurstaða/Lokaorð	14
4.1 Þingey	14
4.2 Aðgerðir til að bæta aðgengi	14
4.3 Framkvæmd-umsjón.....	14
Viðauki 1	16
Viðauki 2.....	22
Viðauki 3.....	24
Heimildaskrá.....	26
Myndaskrá	28

MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Rannsóknarsvæðið í Þingey árið 2005 (Framvinduskýrsla HÞF 2005).	4
Mynd 2. Nyrsta tóftin á minjastaðnum í Þingey séð úr suðri.....	5
Mynd 3. Nyrsta tóftin séð úr norðri	5
Mynd 4. Hugsanlegt brúarstæði í Þingey	8
Mynd 5. Efri stíflugarðurinn í Fossselskvísl.....	9
Mynd 6. Steypti garðurinn við norðanverða Fossselskvísl við Skipapoll.....	10
Mynd 7. Þrengslin milli Skuldapingseyjar og Þingeyjar	10
Mynd 8. Göngubrú í Kverkfjöllum.....	11
Mynd 9. Skuldapingsey og brúarstæðin.....	12
Mynd 10. Yfirlitsmynd yfir svæðið sem um ræðir.....	13

Útdráttur

Þingey er í miðju Skjálfandaflljóti, í Þingeyjarsveit. Fljótið fellur um hinn sögufræga Goðafoss en litlu síðar klonar það í tvennt þar sem Þingey liggur en Þingeyjarsýslur draga einmitt nafn sitt af þessari eyju. Þingey er fyrir margra hluta sakir merkileg, en helst þó fyrir menningarsöguleg verðmæti byggð á fornleifum sem þar er að finna og fyrir sögu eyjunnar sem þingstaðar til forna. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um einhvers konar úrbætur í aðgengismálum Þingeyjar. Áhugaverður kostur til úrbóta í aðgengismálum Þingeyjar er bygging göngubrúar. Hægt er, með samráði við hlutaðeigandi landeigendur og hagsmunaaðila, að aka í gegnum Fosselskóg, ganga þaðan yfir Fosselskvísl í Skuldabingsey og loks yfir í Þingey. Brúarframkvæmdir við þessa leið yrðu þríþættar:

- *Brúargólf og handrið sett á efri stíflugarðinn í Fosselskvísl.*
- *Handrið/brúargólf sett á stíflugarð að norðanverðu í Fosselskvísl við Skipapoll.*
- *Göngubrú byggð um þrengsli í Skuldabingseyjarkvísl milli Skuldabingseyjar og Þingeyjar.*

Samhliða þessu þyrfti að fylgja lagfæring stíga, merkingar og hugsanlega uppsetning upplýsingaskilta á völdum stöðum.

Ef opna á aðgengi að Þingey með ofangreindum (eða öðrum) hætti þarf að finna aðila til að annast framkvæmdir og einnig til að móta stefnu um framtíð eyjarinnar og hafa umsjón með henni. Með vitund um að ýmsir aðrir kostir kunna að vera til staðar er í þessu verkefni sú tillaga sett fram að utanaðkomandi aðila, Ferðafélagi Húsavíkur, verði falin framkvæmd við brúargerð. Jafnframt verði þekkingarfélaginu Urðarbrunni, eða þeim félögum sem að honum standa, falin stefnumótun og umsjón.

1. Inngangur

1.1 Verkefnið

Í ársbyrjun 2012 óskaði Héraðsnefnd Þingeyinga eftir því við Þekkingarnet Þingeyinga að aflað yrði upplýsinga um aðstæður og tækifæri til nýtingar Þingeyjar í Skjálfandaflljóti í Þingeyjarsveit. Fyrir liggur að lífið hefur verið gert með Þingey á heimaslóðum og þótti Héraðsnefnd athyglisvert að kanna verðmæti eyjunnar betur. Sögulegt gildi hennar er talsvert og bæði eyjan og saga hennar lífið þekkt meðal almennings.

Héraðsnefndin kostaði sem samsvarar tveggja mánaða sumarvinnu og sá Þekkingarnet Þingeyinga um framkvæmdina. Fenginn var Þingeysskur háskólanemi til grunnvinnu við verkið, Hilda Kristjánsdóttir meistaranemi í Þjóðfræði við Háskóla Íslands. Starfsmenn Þekkingarnetsins, Óli Halldórsson og Aðalsteinn J. Halldórsson höfðu umsjón með verkinu og bjuggu skýrslu til útgáfu.

Í skýrslunni er fjallað um Þingey, það er að segja aðstæður, umhverfi og sögu. Einnig eru raktar hugmyndir um að gera hana aðgengilegri fyrir ferðamenn. Þá eru helstu heimildir sem til eru um eyjuna teknar saman en þær eru af mjög skornum skammti. Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum fornleifauppgrafftra sem gerðir hafa verið í eyjunni og sagt frá hugmyndum manna um nýtingu eyjarinnar og verndun, bæði náttúru- og sögu. Í lokin eru helstu niðurstöður þessarar samantektar birtar og settar fram hugleiðingar um næstu skref.

1.2 Aðferðir

Meginefni verkefnisins var að safna saman heimildum um Þingey, taka saman þær hugmyndir sem uppi hafa verið varðandi nýtingu og kanna möguleika til að bæta aðgengi að eyjunni. Þessar nýtingarhugmyndir eru meðal annars að:

- Gera Þingey aðgengilegri ferðafólki með byggingu brúar úr landi og leggja merktar/stíkaðar gönguleiðir
- Setja merkingar við minjar á eyinni.

Þingey má auðveldlega sjá fyrir sér sem áfangastað vettvangsferða, fornleifa- og náttúrufarsrannsóknna en þar að auki sem hugsanlegan og áhugaverðan kost í ferðaþjónustu. Til þess að svo geti orðið þarf að safna saman helstu upplýsingum um eyjuna.

Aðferðafræði verkefnisins er tvíþætt þar sem

- a) *Annars vegar* er leitað í þeim heimildum sem fyrir liggja um sögu eyjunnar og nýtingu hennar en einnig skoðað náttúrufar s.s. gróður- og dýralíf. Leitað verður í rannsóknum á menningarminjum og athugaðir möguleikar á aðgengi að eyjunni.
- b) *Hins vegar* eru greind tækifæri til nýtingar með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum úr fyrri hluta rannsóknarinnar.

2. Þingey

2.1 Staðhættir og náttúrufar

Skjálfandafliót á upptök sín í norðvesturhluta Vatnajökuls. Fljótið er um 180 km á lengd og endar í Skjálfanda í Suður-Þingeyjarsýslu. Fljótið er jökulfljót að mestu en í það blandast einnig lindarvatn sem kemur frá Ódáðahrauni. Fljótið fellur um hinn sögufræga Goðafoss en litlu síðar klonnar það í tvennt þar sem Þingey liggur en Þingeyjarsýslur draga einmitt nafn sitt af þeirri eyju (Skjálfandafliót, sjá slóð í heimildaskrá).

Þingey er í miðju Skjálfandaflióti, norðan Goðafoss og skammt norður af bænum Fljótsbakka en hann stendur austan ár. Norðan Þingeyjar er önnur eyja sem nefnist Skuldabingsey og er jafnan talin með Þingey vegna Vorþinga sem þar voru haldin. Þingey er tæplega sex kílómetra löng frá norðri til suðurs og um hálfur annar kílómetur á breidd og er undistaða hennar talin hafa runnið frá Trölladyngju í Ódáðahrauni fyrir um sjö þúsund árum síðan. Eyjan er flöt og yfirborð hennar þurrt en nokkuð gróið. Hún er lyngi vaxin á köflum og þar má einnig finna aðrar harðgerðar jurtir og er einir nokkuð algengur en birki hefur ekki náð að festa þar rætur að ráði. Beggja vegna eyjarinnar eru birkiskógar, að vestan Fellsskógur en að austan Fosselskógur (Fornleifastofnun, sjá slóð í heimildaskrá og Morgunblaðið, sjá slóð í heimildaskrá).

Uppblástur er einhver í eyjunni og rofsvæði er yfir þvera eyjuna sunnarlega á henni. Álitamál er hvort bera mætti áburð eða planta þar til dæmis birki til að hamla rofi og flýta fyrir náttúrulegri þróun en slíkt hefði áhrif á sjálfssáningu bæði víðis og birkis. Ekki eru til neinar rannsóknir um gróðurfar á eyinni (Daði Lange, 2012).

Þann 18. júlí 2012 gengu starfsmenn Náttúrustofu Norðausturlands um Þingey og töldu fugla og lögðu mat náttúrufar samhliða því. Það var mat þeirra eftir þessa stuttu könnun að fuglalíf á svæðinu sé dæmigert fyrir þetta svæði, fyrir utan þann einstaka atburð að hafa í vettvangsferðinni rekist á haförn en hann er mjög sjaldséður á þessum slóðum. Einnig fannst þeim áhugavert að vita af steindepli en hann er fremur strjáll varpfugl á láglandi í sýslunni. Það er því þeirra mat að fróðlegt væri að fara aftur út í eyjuna að vori eða snemma sumars til þess að fá betri yfirsýn yfir þá varpfugla sem þar er að finna. Rétt er að geta þess að það hefur aldrei verið framkvæmd nein stærri rannsókn á fuglalífi eyjarinnar. (Yann Kolbeinsson, 2012).

2.2 Sagan

Minjar vorþingsstaðarins í Þingey eru án efa mjög merkar. Ástæða þess er meðal annars sú hver óaðgengileg eyjan er og minjarnar lítt þekktar. Þingey hefur þó verið töluvert rannsökuð af Fornleifastofnun Íslands, m.a. í samstarfi við Hið Þingeyska fornleifafélag. Þinghald að fornu hefur þannig verið rannsakað allvel en almennar heimildir um þingstaði á Þjóðveldisöld eru af skornum skammti. Þingey er þó talin hafa verið ein af föstum vorþingsstöðum á Íslandi ásamt Skuldabingsey sem er við hlið hennar (Fornleifastofnun Íslands, 2012).

Fáar heimildir eru til um vorþing á Íslandi og því lítið um þau vitað en vorþingsstaðir eru eru taldir tilkomnir eftir að föst stjórnskipun komst á. Heimildir um Þingey koma meðal annars fram í Reykdælasögu og Víga-Skútu en þær eru taldar ritaðar á 13. öld en þar er Þingey nefnd Eyjabing. Einnig er Þingeyjar getið í Auðunarmáldaga 1318 og var eyjan þá í eigu Grenjaðarstaðakirkju til helminga við bæina Einarsstaða og Fljótsbakka. Í lagasafni Íslenska Þjóðveldisins Grágás má finna lýsingu á vorþingi en þar segir að vorþing skuli haldin í fimmtu og sjöttu viku sumars og

standa eigi lengur en viku og ekki skemur en fjóra daga (Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason, 1992).


Menn hefur greint á um tilgang vorþinga. Í Grágás kemur fram að öllum vorþingum skuli gefið nafn og sagt frá ýmsum kvöðum er varða mætingu manna til þinganna. Einnig kemur fram í lokin að bóndi eigi rétt á að senda mann (griðmann) fyrir sig til þings, sá verður því að láta goða vita að hann heyi þingið fyrir hönd bóndans (Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason, 1992).

Í fyrsta bindi Sögu Íslands sem Sigurður Línadal ritstýrði árið 1974 fjallar Jakob Benediktsson um vorþing og leiðir svokallaðar. Í bókinni kemur fram að endanleg skipun vorþinga hafi líklega ekki komist á fyrr en landinu hafi verið skipt upp í þá fjórðunga sem við þekkjum en í Norðlendingafjórðungi eru upptalin vorþing sem haldin voru á eftirtöldum stöðum: Húnaþingsstöðum, Hegranesþingi, Vöðlaþingi og Þingeyjarþingi (Eyjarþingi) í Þingey í Skjálfandafljóti. Einnig kemur fram að í grennd við Fjósatungu í Fnjóskadal sé að finna minjar um þinghald en ekkert um þær vitað. Þá segir í þessari bók að störf vorþinga hafi verið tvískipt, annars vegar sóknarþing og hins vegar skuldaþing. Þá hafi sóknarþingið verið dómsþing en skuldaþingið nokkurs konar skiladagur. Sóknarþingið var því haldið á undan skuldaþinginu en á því síðar nefnda er talið að menn hafi innt af hendi ýmis konar greiðslur. Þá hafi allar tilkynningar þingsins verið birtar í svokallaðri þingbrekku. Á haustin voru haldin þing sem kölluð voru „leiðarþing“, en þau voru haldin af samþinggoðunum á vorþingsstöðum. Þannig voru þing á Íslandi alls þrjú: Vorþing, Leiðir og Alþingi og kölluðust öll einu nafni *Skapaþing* (Jakob Benediktsson, 1974). Heimildir eru svo fyrir því að vorþing hafi að mestu fallið niður þegar lögbækurnar Járnsíða (1271-1273) og Jónsbók (1281) tóku gildi. Þá segir að vitað sé til þess þó að héraðsþing hafi verið haldin í upphafi 14. aldar á nokkrum stöðum á landinu (Einar Laxness, 1995).

2.3 Fornleifar í Þingey

Hið Þingeyska fornleifafélag var stofnað árið 2004 með það að markmiði að efla rannsóknir á fornri íslenskrri menningu og hefur félagið meðal annars beint sjónum sínum að Þingey. Ári eftir stofnun félagsins stóð það fyrir rannsóknum á nokkrum stöðum í Þingeyjarsýslu, meðal annars á Þingey. Var sú rannsókn gerð í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands en í skýrslu frá henni má finna samantekt á fornleifarannsóknum sem unnar voru á vegum félagsins sumarið 2006 (Fornleifastofnun Íslands, 2007).

Í framvinduskýrslu Hins Þingeyska fornleifafélags um verkefni sumarsins 2005 koma fram upplýsingar varðandi þá rannsókn sem gerð hefur verið á Þingey. Þar er sagt frá uppgreiftri í eyjunni sem gerður var á fjórum stöðum og var tilgangur rannsókna að leita vísbendinga í þeim tóftum sem taldar eru tilheyrja Þinghaldi, sjá hvers eðlis þær eru, hvort þar sé að finna minjar um veru fólks og svo framvegis.



Mynd 1. Rannsóknarsvæðið í Þingey árið 2005 (Framvinduskýrsla HÞF 2005).



Mynd 2. Nyrsta tóftin á minjastaðnum í Þingey séð úr suðri.

Í þessum uppgreiftri komu í ljós mannvirki úr torfi og vel varðveitt og margar stoðarholur en engir gripir, kol, aska eða bein fundust. Gjóskulag frá bæði 1300 og 1477 liggur yfir mannvirkinu en undir því forsöguleg lög. Ekkert eiginlegt gólfslag var að finna í mannvirkinu (Hið Þingeyyska fornleifafélag, 2005).



Mynd 3. Nyrsta tóftin séð úr norðri

Í skýrslu frá Fornleifastofnun Íslands árið 2007 um fornleifarannsóknir í Suður-Þingeyjarsýslu koma fram svipaðar upplýsingar og í skýrslunni hér að ofan. Í þeirri skýrslu er sagt frá vettvangsrannsóknum í Þingey og Skuldabingsey en þar segir að sérkennilegt þyki að þingstaðir hafi í raun verið í báðum þessara samliggjandi eyja. Þá kemur fram í skýrslunni að mannvirkið sem grafið var í, hafi verið reist eftir að gjóskan frá árinu 950 hafi fallið og að löngu hafi verið hætt að nota húsið eftir að gjóskulagið frá árinu 1477 féll. Í lok skýrslunnar er sagt að nauðsynlegt sé að gera frekari rannsóknir í eyjunum tveimur til þess að kanna hvort þær minjar sem þar finnast séu samtíða. Með þeim rannsóknum sé hægt að sjá hvort þing hafi jafnvel verið flutt af einum staðnum yfir á hinn (Fornleifastofnun Íslands, 2007).

Vert er að benda á skýrslu sem Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson skrifuðu um rannsóknir á Þingey og heitir Þingstaðarannsóknir 2004. Þar koma fram fyrirliggjandi lýsingar á þeim minjum sem fundist hafa í eyinni, teknar saman heimildir

um þinghald og sagt frá vettvangsathugunum þeirra árið 2004. Skýrslan er mjög ítarleg og greinargóð heimild um þær athugarnir sem gerðar hafa verið á Þingey en Adolf og Garðar benda þar einnig á að athuganir og lýsingar Daniel Bruun og Brynjúlfs Jónssonar á Þingey séu þær ítarlegustu sem birtar hafi verið hingað til (Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson, 2004).

Hið þingeyska fornleifafélag kynnrir á heimasíðu sinni verkefnaskrá fyrir árið 2005 þar sem meðal annars er áformað að mæla rústir í Þingey nákvæmlega upp með GPS-yfirborðsmælingu. Með þessu sé því hægt að búa til þrívíddarlíkan af öllum rústum eyjarinnar. Einnig sé fyrirhuguð rannsókn sem verði hluti af stærra verkefni nýstofnaðs félags sem nefnist Þingeyskur sagnagarður en markmið hans sé að safna saman söguþekkingu á svæðinu og miðla henni en jafnframt að afla nýrrar þekkingar í leiðinni. Þannig munu þessi tvö félög vinna saman að þessum málum og láta útbúa kynningarefni við hæfi (Hið þingeyska fornleifafélag, 2005).

2.4 Þingey sem þjóð- eða héraðsgarður

Í Árbók Þingeyinga 1959 ritar Þórir Baldvinsson um hugmynd Jóhanns Skaptasonar sýslumanns um að eyjan Þingey verði gerð að þjóð- eða héraðsgarði.

Þingey mun vera sem næst miðdepill Suður-Þingeyjarsýslu. Eyjan er svo einkennilega sett, að landfræðilega tilheyrir hún raunar engri sveit. Þetta skipar henni skemmtilegan sess utan og ofan við alla hreppapólitík. Náttúruvegur er þarna mikil. Hugþekkur lynggróður eyjarinnar á hæfilegum misfellum uppgróins hrauns. Fallvötn í gljúfrum. Stórvaxnir skógar í fjallshlíðum á báða vegu. Norður af hamarstalli eyjarinnar steypist Ullarfoss niður í Skipapoll. Í suðri sér til blárra heiða Bárðardals, í norðri liðast Skjálfandafliót milli víðvaxinna bakka, en fjarst rís úfin röst Aðaldalshrauns yfir sléttuna. Hér er hinn forni þingstaður héraðsins. Hér voru vorþing háð á Söguöld og hér er þingvöllur með nokkrum ummerkjum um búðartóftir frá þeirri tíð. Á miðjum þingvelli er þinghóll. Hann er um 10 metrum hærrí en umhverfið og hæsti blettur eyjarinnar. Um þingvöll má sjá leifar af fornum garði, furðulega breiðum. Þar eru einnig á vellinum leifar af gömlum bæ eða eyðibýli. Hér eru því merkar sögulegar minjar, sem þarf að varðveita.

(Þórir Baldvinsson, 1959)

Höfundur lýsir eyjunni, segir frá stærð hennar, beitilendi og fleira og eru þær heimildir góðar samtímaheimildir um staðhætti eyjunnar. Lýsingar af tillögum eru í grein hans góðar. Hann lýsir meðal annars hugsanlegri byggingu göngubrúar yfir austurkvíslina þar sem hengibrú var talinn álitlegur kostur. Hann vildi einnig leggja góðan veg að brúnni, friða eyjuna algjörlega og svo mætti lengi telja (Þórir Baldvinsson, 1959: 21-24).

Á síðustu árum hefur verið unnið að verkefninu „Þingeyskur sagnagarður“ sem rekið er af áhugamannafélagi með sama heiti. Viðfangsefni þess afmarkast af Þorgeirskirkju, Goðafossi og Þingey í Þingeyjarsveit og eru meginmarkmiðinað stuðla að varðveislu menningarminja, skipulagningu svæðisins og bættu aðgengi. Þingeyskur sagnagarður er nú undir hatti Urðarbrunnis, sem er samstarfsverkefni þess verkefnis ásamt Fornleifaskóla barnanna og Hins þingeyska fornleifafélags. Hjá Urðarbrunni er einn starfsmaður sem er til húsa í nýlega opnuðu þekkingarsetri á Laugum í Reykjadal.

2.5 Eignarhald á Þingey

Fram til ársins 1962 átti íslenska ríkið $\frac{3}{4}$ hlut í Þingey og fór landbúnaðarráðuneytið með eignarhlutinn. Þann 16. júní 1962 afhenti landbúnaðarráðherra eignarhlut Þingeyjar fyrir hönd ríkisins til sýslunefndar Syður-Þingeyjarsýslu, þar með talið Þingstaðarins í eyinni (Landbúnaðarráðuneytið, 1962). Einarstaðir í Reykjadal fara með $\frac{1}{4}$ eignarhlutinn á móti Héraðsnefnd Þingeyinga¹ (Halldór Valdimarsson, 2012).

Nýir eigendur Þingeyjar tóku á sig skyldur sem tilteknar eru í afsalinu. Þær eru að varðveita skrásettar og friðaðar fornminjar í samráði við fornminjavörð og friðun Þingeyjar fyrir ágangi búfjár. Fram kemur jafnframt í afsalinu að ef nýir eigendur eyjarinnar hafi áhuga á leigu landnytja og hlunninda eyjarinnar skuli leigutekjum varið í fegrun Þingeyjar. Að lokum er tekið fram að eignin sé afhent með þeim kvöðum og skyldum sem á henni kunnu að hvíla. Í afsalinu kemur fram að muni hinn nýi eigandi ekki annast eignina á þann hátt sem í afsalinu er kveðið á um muni eignarhlutinn að nýju falla undir ríkið og það endurgjaldslaust (Landbúnaðarráðuneytið, 1962).

¹ Héraðsnefnd Þingeyinga fer núorðið með eignarhlutinn sem áður var afhentur sýslunefndinni.

3. Nýting og aðgengi


Töluvert hefur verið rætt um bætt aðgengi að Þingey á liðnum árum og ýmsar hugmyndir komið fram í þeim efnum eins og sjá má að nokkru leyti að framan í greinargerð þessari. Í meginatriðum má segja að heimildaöflun hafi dregið fram tvo meginkosti:

- *Annars vegar* byggingu **akfærrar brúar í Þingey** með tilheyrandi vegslóðum og veigameiri mannvirkjum.
- *Hins vegar* með byggingu **göngubrúa** með léttari mannvirkjum.

i. Akfær brú í Þingey

Í heimilda- og samráðsvinnu verkefnisins hefur komið upp hugmyndin um að byggja brú í Þingey með burðarþoli og útfærslu sem gerir ökutækjum fært að komast út í eyjuna. Slíkt útheimtir ekki eingöngu brúargerð heldur slóða- eða vegagerð ásamt hugsanlega plani eða einhvers konar aðstöðu fyrir ökutæki. Vegagerðin gerði grófa kostnaðaráætlun um slíka brúarsmíði fyrir tæpum áratug síðan. Samkvæmt henni er líklegt að kostnaður við veglagningu og byggingu brúar sem myndi halda bílum og léttum vinnuvélum yrði yfir 30 milljónir króna. Reikna má með því að á núverandi verðlagi hafi þessi upphæð um það bil tvöfaldast (Guðmundur Heiðreksson, 2012).

Þessi valkostur hefur ekki verið mikið í umræðunni enda einungis til gróf áætlun. Það er ekki síst vegna þess að efasemdir eru uppi um að hafa svo gott aðgengi í eyjuna sem brú sem þessi mundi veita meðal annars vegna ágangs búfjár og umferðar vélknúinna ökutækja eða hesta (Vésteinn Garðarsson, 2012).



Mynd 4. Hugsanlegt brúarstæði í Þingey

ii. Göngubrú í Þingey

Eins og varðandi brúargerð fyrir ökutæki er hægt að gera Þingey aðgengilega gangandi fólki með ýmsum útfærslum, bæði ólíkum brúargerðum og jafnvel með kláf eða skipulögðum bátsferðum til dæmis um Skipapoll. Við heimilda- og samráðsvinnu verkefnisins kom þó glögglega fram einn valkostur umfram aðra.² Verður hér sjónum

² Þessi útfærsla á gönguleiðum og göngubrú er sett fram í greinargerð Halldórs Valdimarssonar (heimildaskrá og viðauki) sem tekin var saman eftir vettvangsferð hans og Tryggva Finnssonar ásamt landeigendum. Þar er tillagan nánar útfærð.

beint að þessum valkosti, sem felur í sér að festa tvær léttar göngubrýr á stíflumannvirkin í Fosselskvísl og komast þannig út í Skuldapingsey þar sem byggja þyrfti nýja göngubrú í Skuldapingseyjarkvísl.

Annars vegar að aka í gegnum Fosselskóg og ganga þaðan yfir Fosselskvísl á efri stíflugarði í Skuldapingsey. Hins vegar að aka að Skipapólli og ganga yfir neðri stíflugarð í Skuldapingsey. Göngubrú svo sett yfir þrengsli milli Skuldapingseyjar og Þingeyjar. Brúarframkvæmdir yrðu þríþættar verði þessi valkostur farinn:

- *Brúargólf og handrið sett á efri stíflugarðinn í Fosselskvísl.*
- *Handrið og hugsanlega brúargólf sett á stíflugarðinn sem er að norðanverðu í Fosselskvísl við Skipapóll.*
- *Bygging göngubrúar um þrengsli í Skuldapingseyjarkvísl milli Skuldapingseyjar og Þingeyjar. Brúin hugsanlega útbúin með það í huga að auðvelt væri að losa hana og taka upp á haustin.*

Átroðningur í eyjunni yrði með minnsta móti með þessari leið þar sem einungis færi um hana gangandi ferðafólk eftir merktum stígum og notast við akveg sem þegar er til staðar, hugsanlega með einhverjum endurbótum í samvinnu við landeigendur og veiðiréttarhafa.



**Mynd 5. Efri stíflugarðurinn í Fosselskvísl.
(Mynd: Halldór Valdimarsson)**

Við efri stíflugarð þyrfti að koma fyrir brúargólfi ásamt handriði norðan á stífluvegnum. Slík framkvæmd ætti ekki að kosta mikið. (sjá mynd 5)



**Mynd 6. Steypti garðurinn við norðanverða Fosselskvísl við Skipapoll
(Mynd: Halldór Valdimarsson)**

Á neðri stíflugarönn við Skipapoll virðist auðvelt að festa handrið. Þetta sýnist minniháttar framkvæmd með lágmarkskostnaði.



**Mynd 7. Þrengslin milli Skuldapingseyjar og Þingeyjar
(Mynd: Halldór Valdimarsson)**

Á mynd 7 sést staðurinn sem heppilegastur þykir fyrir göngubrú úr Skuldapingsey yfir í Þingey. Flest bendir til þess að útbúa þurfi brúna þannig að auðvelt sé að taka hana upp til geymslu á haustin þar sem ísrek og flóð á veturna og frameftir vori eru árviss í Skjálfafljóti (Vésteinn Garðarsson).



Mynd 8. Göngubrú í Kverkfjöllum
(Mynd: (Ferðafélag Húsavíkur)


Á mynd 8 sést göngubrú sem félagar í Ferðafélagi Húsavíkur smíðuðu og létu koma fyrir upp í Kverkfjöllum. Hún gæti verið að einhverju leyti fyrirmynd brúarinnar sem setja mætti á þrengslin milli Skuldapíngseyjar og Þingeyjar.

Við vinnu verkefnisins bárust upplýsingar frá Ferðafélagi Húsavíkur um það að gerð einfaldrar göngubrúar þyrfti ekki að vera mjög flókin eða kostnaðarsöm í framkvæmd. Reynsla væri af slíku hjá félaginu, m.a. við smíði og uppsetningu göngubrúar í Kverkfjöllum (sjá mynd 8). Sá möguleiki kom ennfremur fram að Ferðafélagið gæti hugsanlega tekið að sér slíka framkvæmd í heild sinni við Þingey (Tryggvi Finnsson, 2012).



Mynd 9. Skuldabingsey og brúarstæðin.

1) Hugsanlegt brúarstæði fyrir ökufæra brú. 2) Syðri stíflugarðurinn yfir Fosselskvísl 3) Heppilegt stæði fyrir göngubrú 4) Nyrðri stíflugarðurinn yfir Fosselskvísl



Mynd 10. Yfirlitsmynd yfir svæðið sem um ræðir. Pingey er í miðju myndarinnar.

4. Niðurstaða/Lokaorð

4.1 Þingey

Við heimildaöflun, eftirgrennslan og viðræður við hagsmunaaðila hefur verkefni þetta dregið fram nokkur almenn atriði um Þingey öðru fremur:

- Þingey er fyrir margra hluta sakir merkileg.
 - Hennar er getið í fornsögum og ýmsum bókmenntum sem þingstaðar héraðsins til forna. Fornleifarannsóknir, þó takmarkaðar séu, virðast styðja það að einhvers konar þing hafi verið haldin þar.
 - Sýslur Þingeyinga heita eftir eygni og hefur hún menningarsögulegt gildi í hugum margra héraðsbúa þó fáir viti mikið enn sem komið er um hana.
 - Umhverfið er ósnortið, fagurt og söguríkt. Yfir því hvílir helgi.
- Aðgengi í Þingey hefur aldrei verið auðvelt en ýmsar hugmyndir hafa verið uppi frá fjölmörgum aðilum, um einhvers konar úrbætur í þeim eignum.
- Framkvæmanlegt er (með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi landeigenda) að brúa í Þingey, bæði fyrir gangandi fólk og fyrir ökutæki (með auknum tilkostnaði).
- Með bættu aðgengi að Þingey eru möguleikar fyrir hendi á nýtingu eyjarinnar bæði til ferðaþjónustu og í þekkingarskyni með frekari rannsóknum tengdum fornleifum og menningarsögunni.

4.2 Aðgerðir til að bæta aðgengi

Þekkingarnet Þingeyinga hefur safnað gögnum og rætt við hagsmunaaðila og áhugafólk um Þingey eins og fram kemur í þessari greinargerð. Í ljósi þeirra sjónarmiða sem vinna þessi hefur dregið fram er það mat stofnunarinnar að gerð göngubrúa í Þingey sé áhugaverður og raunhæfur kostur. Bygging akfærrar brúar útheimtir verulega veigameiri mannvirkjagerð og umhverfisrask auk þess sem kostnaður yrði mikill. Þá má velta upp þeirri spurningu hver raunverulegur ávinningur yrði af slíku, þ.e. hvaða umferð farartækja ætti að heimila og hvernig ætti að stýra þeirri umferð.

Þekkingarnetið telur tillöguna um útfærslu göngubrúar í Þingey, sem lýst er í þessari greinargerð³, raunhæfan og áhugaverðan kost. Eins og áður hefur verið rakið felur þessi kostur í sér að aka í gegnum Fosselskóg eða að Skipapólli, ganga yfir Fosselskvísl í Skuldapingsey og loks yfir í Þingey. Brúarframkvæmdir yrðu þrjúættar:

- Brúargólf og handrið sett á efri stíflugarðinn í Fosselskvísl.
- Handrið/brúargólf sett á stíflugarðinn að norðanverðu í Fosselskvísl við Skipapóll.
- Göngubrú byggð um þrengsli í Skuldapingseyjarkvísl milli Skuldapingseyjar og Þingeyjar.

Öllum framkvæmdum sem bæta aðgengi að Þingey myndi helst þurfa að fylgja lagfæring stíga, merkingar og hugsanlega uppsetning upplýsingaskilta á völdum stöðum.

4.3 Framkvæmd-umsjón

Ef ákveðið verður að bæta aðgengi í Þingey eins og lýst er að ofan þyrfti að taka ákvörðun um bæði framkvæmdir og umsjón og stefnumótun svæðisins í framtíð.

³ Tillaga sem rakin er í greinargerð Halldórs Valdimarssonar, sjá viðauka.

Ýmsir valkostir koma að sjálfsögðu til greina í þessum efnum. Í meginatriðum þessi tveir:

- Héraðsnefnd gæti farið sjálf í framkvæmdir og/eða haft umsjón með svæðinu á eigin vegum. Slíkt myndi útheimta ráðningu verktaka til hönnunar og framkvæmda. Einnig einhverja vinnu við stefnumótun og rekstur svæðisins að loknum framkvæmdum.
- Utanaðkomandi aðilar fengnir til framkvæmda og/eða umsjónar og stefnumótunar svæðisins gegn umsömdum greiðslum.

Í öllum tilvikum er grundvallaratriði að vera í nánu samráði við landeigendur á svæðinu, bæði eigendur Þingeyjar, Skuldapíngseyjar og nærliggjandi svæða. Einnig veiðiréttarhafa Skjálfandafljóts. Slíkt samráð gæti kveikt áhuga heimafólks á nýsköpun í ferðaþjónustu sem byggir á verðmætum Þingeyjar.

Í ljósi þeirra sjónarmiða sem vinna Þekkingarnetsins hefur dregið fram og fjallað hefur verið um í greinargerð þessari er það mat stofnunarinnar að eftirfarandi leið sé vænlegt að skoða:

- Héraðsnefnd Þingeyinga standi fyrir framkvæmdum til að bæta aðgengi í Þingey og kosti þær:
 - Bygging göngubrúa samkvæmt ofangreindri tillögu.
 - Lagfæring stíga eftir þörfum.
 - Merkingar og gerð upplýsingaskilta.
- Héraðsnefnd leiti eftir samningum við Ferðafélag Húsavíkur um framkvæmdirnar.
- Héraðsnefnd leiti eftir samningum við Urðarbrunn eða þau félög sem mynda þann samstarfsvettvang (Þingeyskan sagnagarð, Hið Þingeyska fornleifafélag, Fornleifaskóla barnanna) til að móta stefnu um framtíðarnýtingu og hafa umsjón-/eftirlit með Þingey.
- Héraðsnefnd gæti ákveðið tiltekið fjármagn til ofangreindra framkvæmda og samið við aðila um framkvæmdir á þeim forsendum. Að sama skapi varðandi stefnumótun og umsjón eyjunnar til fyrirfram ákveðins tíma.

Ofangreind tillaga er sett fram að lokinni heimildaöflun og samráði við hagsmunaaðila og áhugafólk um Þingey. Þekkingarneti Þingeyinga er fullljóst að aðrar leiðir og aðrir aðilar geta komið til greina en það sem hér er rakið. Einnig sá valkostur að sjálfsögðu til staðar að hafast ekkert frekar að varðandi Þingey.

Viðauki 1

Stutt greinargerð Halldórs Valdimarssonar að lokinni vettvangsferð í Þingey 16. október 2012.

Ritað af: Halldóri Valdimarssyni,
Sent til: Þekkingarnets Þingeyinga (ÓH)
Dags.: 18. október 2012

Aðdragandinn

Héraðsnefnd Þingeyinga sem fer með eignarhald á stærstum hluta Þingeyjar efndi til gönguferðar um Þingey í júlí 2012. Auk Héraðsnefndarmanna voru aðilar frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, Landgræðslunni, Hinu Þingeyska fornleifafélagi, Einarstaðabændum, Náttúrustofu Norðausturlands og Þekkingarsetri Þingeyinga með í för. Þetta var fróðleg gönguferð og margt skrafað og skeggrætt um framtíð svæðisins. Verkefnastjóri frá Þekkingarneti Þingeyinga sem vann sumarið 2012 að upplýsingaöflun og tillögugerð fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga var með í Þingeyjargöngunni.

Í framhaldi af Þingeyjarferðinni sendi Unnsteinn Ingason formaður Hins Þingeyska fornleifafélags verkefnisstjóranum í ágúst 2012 hugleiðingar stjórnar um Þingey og nágrenni. Stjórn Hins Þingeyska fornleifafélags taldi áhugavert að fara sem fyrst vettvangsferð með heimafólki og kunnugum til að skoða nánar aðgengi að Skuldaþingsey og Þingey og gera tillögur til úrbóta. Undirritaður fékk það hlutverk að fara slíka ferð.

Lítil ferðasaga

Þriðjudagur 16. október 2012 fór undirritaður með staðkunnugu fólki, Tryggva Finnssyni Húsavík, Vésteini Garðarssyni bónda á Vaði og Olgu Mörtu Einarsdóttur bónda á Einarsstöðum í skoðunarferð að Skuldaþingsey, Þingey og Skipapollí í því skyni að athuga möguleika á því að bæta samgöngur við eyjarnar. Veðrið var gott hálfskýjað, logn og ó stiga hiti, skyggni prýðilegt.

Ekið var frá Vaði suður Fosselskóg eftir þokkalegum vegi malbornum og niður að Fosselskvísl þar sem Veiðifélag Skjálfafljóts hefur steypt stíflugarð þvert yfir kvíslina. Ekið að stíflugarðinum og gengið eftir honum út í Skuldaþingsey, norður með Skuldaþingsejarkvíslinni nokkur hundruð metra þar sem kvíslin rennur í þrengslum, á að giska 8- 10 metrar, klappa á milli. Vésteinn benti á þennan stað þar sem sennilega væri hægst að koma fyrir göngubrú yfir í Þingey. Að mati Vésteins þyrfti að hanna brúna þannig að auðvelt væri að taka hana upp á haustin og setja niður á vorin því ísrek og flóð í Fljótinu fylltu farveginn oft á veturna og fram eftir vori. Tryggvi taldi auðvelt að koma fyrir létttri göngubrú og þekkti nokkrar slíkar og bauðst til að fá nánari upplýsingar frá kunnugum .

Farið var til baka sem leið liggur norður skóginn, niður að Skipapollí, ekið eftir malargarðinum við pollinn, út á enda að steypta stíflugarðinum norðan Skuldaþingsejjar. Gengið yfir garðinn sem er breiður og auðveldur yfirferðar og upp á Skuldaþingsey að norðanverðu. Búðaminjar á eyjunni skoðaðar.

Mynd 1



Vésteinn, Olga og Tryggvi komin upp á Skuldabingsey norðanverða.

Hvernig er auðveldast að brúa?

Mynd 2



Á efri stíflugarðinn í Fosselskvísl virðist auðvelt að koma fyrir brúargólfi með handriði norðan á stífluveggnum.

Mynd 3



Á þennan steypa garð að norðanverðu í Fossselskvísl við Skipapoll virðist lífið annað að gera en festa handrið. Þar með er aðgengið gott fyrir göngufólk út í Skuldapingsey, bæði að sunnan og norðan.

Mynd 4



Skoða þarf vel hvort það er gerlegt að brúa þessi þrengsli í Skuldapingsejarkvísl (milli Skuldapingseyjar og Þingeyjar) með göngubrú sem auðvelt er að taka niður og setja upp).

Mynd 5



Hér er mynd af færanlegri léttri brú ofan úr Kverkfjöllum sem gæti orðið eins konar fyrirmynd. Hugsanlega verður hægt að fá hana keypta fljótlega. Félagar í Ferðafélagi Húsavíkur smíðuðu hana og hafa annast viðhaldið.

Ef tekst að koma þessum samgöngubótum á fyrir göngufólk opnast betri möguleikar á þessu svæði til rannsókna, útivistar og náttúrskoðunar.

Fróðleiksmolar

Í lýsingu Ingvars Teitssonar í riti Ferðafélags Akureyrar, Ferðum segir:

„Þar sem Fosselskvísl fellur til austurs úr Skjálfandafljóti, er steinsteypt stífla með lokubúnaði í kvíslinni. Þetta mannvirki er hluti af framkvæmdum sem Veiðifélag Skjálfandafljóts réðist í um og eftir 1980. Megin austurkvísl Skjálfandafljóts, Skuldapíngseyjarkvísl, fellur í Skipapoll í miklum fossi sem nefnist Ullarfoss. Í vesturkvísl Skjálfandafljótsheittir Barnafoss þar sem fljótið fellur í gljúfrið vestan Þingeyjar. Hvorugur þessi foss er laxgengur. Veiðifélagið lét árið 1980 gera 750 m langan stíflugarð norðan Skuldapíngseyjar til að veita Fosselskvísl suðvestur í Skipapoll. Þar með opnast leið fyrir lax að ganga úr Skipapoll um Fosselskvísl austan Skuldapíngseyjar og suður hjá Glaumbæjarseli upp Skjálfandafljót. Fljótt kom í ljós að stíflugarðurinn lá undir áföllum að vetri og vori af völdum ísreks í Skjálfandafljóti. Veiðifélag Skjálfandafljóts lét því reisa stíflu við upphaf Fosselskvíslar 1983. Stíflunni er lokað á haustin til að hindra ísrek niður Fosselskvísl. Reyndar er búið að hækka stífluna þrisvar eftir 1983. Víst er að nokkuð veiðist af laxi á hverju sumri austan Þingeyjar og þaðan suður með Skjálfandafljóti. Einnig þarf stíflugarðurinn norðan Skuldapíngseyjar minna viðhald nú en áður á meðan ísrekið fór óheft niður Fosselskvísl á hverjum vetri (Vésteinn Garðarsson, munnleg heimild, 28. janúar 2010).(bls 17)

„Þingey er mikið landsvæði, um 5,5 km á lengd og allt að 1,5 km á breidd. Eyjan er að mestu þakin hrauni sem er þó víðast vel gróið. Mest ber á lyngi og hrísi. Yfir sunnanverða eyjuna liggur uppblástursbelti, frá suðaustri til norðausturs. Þar er nú birkikjarr í örum vexti.“ (bls 12)

„Þar er hinn forni þingstaður Þingeyjarsýslu og hér voru héraðsþing haldin áður en menn riðu til Alþingis á þingvöllum sumar hvert. Á árunum 1844-1865 var búið í Þingey og stóð bærin á þingstaðnum.“ (bls .17)

„ Austurkvísl Skjálfandafljóts klofnar í tvennt um einum km norðan við Glaumbæjarsel. Kvísl úr Fljótinu, sem nefnist Fosselskvísl, fellur austur að brekkurótum og síðan norður með hlíðinni norður fyrir bæjarstæðið í Fosseli. Á milli kvíslanna er allstór eyja, Skuldapíngsey, sem liggur norðustan Þingeyjar. Er eyjan um 1,9 km á lengd. Á Skuldapíngsey eru fornar rústir og þar var

árið 2006 grafið í hluta af búðartóft, sem var um 11m löng og 5 m breið. Öskulagarannsóknir bentu til að búðin væri frá því um 950 (Hið Þingeyska fornleifafélag)" (bls 17)⁴

Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur fjallar um þetta svæði í bók sinn *Perlur í náttúru Íslands*:

„Þingey og umhverfi hennar hefur fyrrum verið löghelgur staður og væntanlega goðhelgur líka. Goðsöguleg örnefni eru ofan Þingeyjar og neðan og er ekki ólíklegt að eyjan Hríutey við Goðafoss hafi tengst fornri samkomu og athöfn við Þinghaldið. Í Þingey var vorþing haldið og eru Þingvellir austast á eyjunni. Norðaustan Þingeyjar er Skuldaþingey en skuldaskil voru á vorþingum. Þar gerðu menn upp skuldir sínar og sumir álífa að þar hafi óskilamönnum verið refsað og þess vegna hafi sérstakur skuldaþingstaður verið til þess að saurga ekki Þingey.“

„Eystri kvísl Skjálfandaflijóts steypist fram af hrauninu við norðurenda Þingeyjar í fríðum Ullarfossi. Undir fossinum er Skipapollur og sagt er að fornmennt hafi dregið skip sín upp í pollinn. Þar fyrir neðan breiðir Skjálfandaflijót úr sér og kvíslast í marga ála á milli láglendra gróðursælla eyja en fjölmargar smáar og stórar eyjar eru í Skjálfandaflijóti frá Þingey og til ósa við Bjargarkrók.“⁵

Mynd 6



Ætli þetta sé innheimtubúð þeirra Ljósveitninga á Skuldaþingsey, hver veit?

⁴ Ingvar Teitsson. (Ritstj.) (2010) *Ferðir*. 69. árgangur bls. 12 og 17. Ferðafélag Akureyrar.

⁵ Guðmundur Páll Ólafsson. 1990:247. *Perlur í náttúru Íslands*, Mál og Menning Reykjavík.



Séð yfir Skipapoll til Kinnarfells og Ystafellskógar af garðinum.

Hugleiðingar að lokum

Eftir því sem best er vitað fylgir Skuldapíngsey Fossseli sem er í eigu Skógræktar ríkisins. Héraðsnefnd Þingeyinga fer aftur á móti með stærsta eignarhluta Þingeyjar á mótí Einarstöðum í Reykjadal. Veiðifélag Skjálfandafljóts á mannvirkin í kvíslunum og leigir fljótið út til lax og silungsvéiða. Þessir aðilar ásamt Vaðsbændum þurfa að mati undirritaðs að vera með í ráðum ef farið verður í samgöngubætur á svæðinu.

Þingeyiskur sagnagarður, Hið Þingeyaska fornleifafélag og Fornleifaskóli barnanna hafa með sér samstarf í félagi sem nefnist Urðarbrunnur með aðsetri að Laugum í Reykjadal. Félagin hafa hvert á sínu sviði unnið að margvíslegum viðfangsefnum við að efla fræðslu, rannsóknir og menningartengda starfsemi í héraði. Urðarbrunnur er í nánú samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga. Hið Þingeyaska fornleifafélag, í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands, hafði veg og vanda af rannsóknum í Skuldapíngsey og Þingey sumarið 2005. Kom í ljós fjöldi búða í Skuldapíngsey sem vöktu upp ýmsar spurningar. Í Þingey var grafið á takmörkuðu svæði því aðgengi að eyjunni er slæmt, yfir kvíslar Skjálfandafljóts að fara og torleiði víðast. Vísindamenn treystu sér því ekki til að búa lengi við slíkar aðstæður og varð minna úr verki í Þingey en ætlað var í upphafi. Það bíður því síðari tíma að halda áfram rannsóknum og fornleifauppgreiftri í Þingey.

Sú spurning vaknar hvor skynsamlegt sé að viðkomandi landeigendur og hagsmunaaðilar á svæðinu fái Urðarbrunni hlutverk við að gera tillögur að framtíðarsýn og framkvæmdum á þessum fornhelga stað Þingeyinga?

Húsavík 18. október 2012

Halldór Valdimarsson áhugamaður um gamla þingstaðinn og stjórnarmaður í Hinu Þingeyaska fornleifafélagi.

⁶ Framvinduskýrsla um verkefni Hins Þingeyaska fornleifafélags, sumarið 2005 bls 3-5.

Viðauki 2

Bréf frá stjórn Hins þingeyyska fornleifafélags

Ritað af: Unnsteini Ingasyni, formaður stjórnar Hins þingeyyska fornleifafélags
Sent til: Þekkingarnets Þingeyinga (HK)
Dags.: 6. september 2012

Hugmyndir Hins þingeyyska fornleifafélags varðandi þingey í Skjálfandaflijóti. Afsakaðu hvað þessar línur eru seint á ferðinni en hugmyndirnar og vangaveltur hér á eftir eru lagðar fram í nafni stjórnar Hins þingeyyska fornleifafélags en hana skipa Unnsteinn Ingason, Ásgeir Böðvarsson og Halldór Valdimarsson.

Hið þingeyyska fornleifafélag hefur staðið fyrir nokkrum fornleifarannsóknnum í þingey og Skuldapíngsey og í raun hefur þingey verið eitt af höfuðmarkmiðum félagsins þótt ekki hafi þar mikið verið gert af hálfu félagsins síðustu ár. Ein af ástæðunum fyrir því er hve erfitt er að komast út í eyjuna en fornleifafraeðingar mátu það svo að það væri í raun ekki gerlegt að stunda þar tímafrekar rannsóknir þar sem mjög mikill tími færi í ferðalög til og frá eyjunni auk þess sem dálítil hættu felst í því að vaða kvíslarnar með tæki og tól, sum hver afar verðmæt. Einnig er það svo að þegar fjármagn til rannsókna er af skornum skammti þá er tilhneiging til að nýta það fé til rannsókna á aðgengilegri stöðum þar sem minni kostnaður hlýst af ferðalögum til og frá rannsóknarstað.

Fjöldmargir möguleikar eru á frekari rannsóknnum í þingey og mætti þar nefna frekari könnunarskurði sem gætu gefið greinarbetrí upplýsingar um aldur minjanna í eyjunni og notkun þeirra. Mælingar með GPS stöð þar sem afurðin yrði þrívíddarlíkan af minjunum er einn kostur þó fyrirfram sé ekki víst með árangur en hann ræðst af landslaginu sem mælt er (þýfi og gróður hefur áhrif á útkomuna). Veglegur uppgröftur er einnig möguleiki en afar dýr og erfiður m.a. vegna erfiðra samgangna. Huga mætti að samspili náttúrufars og nýtingar eyjuinnar, velta fyrir sér mögulegum breytingum sem orðið hafa á landslagi í eyjunni og gróðurfari og hvaða breytingum fljótið hefur tekið síðustu þúsund árin og áfram mætti telja upp rannsóknarmöguleika sem eru í raun óteljandi og leiða mætti saman ýmsar vísindagreinar við slíkar rannsóknir.

En hvaða stöðu hefur þingey í hugum fólks í dag og hvaða stöðu viljum við að eyjan hafi í hugum fólks í framtíðinni? Dálítil dulúð hvílir á eyjunni, m.a. þar sem tiltölulega fáir vita fyrir víst hvar eyjuna er að finna enda er hún ekki í alfaraleið og að auki er dalurinn þar sem eyjan liggur nafnlaus. Og sennilega hafa enn færri litið hana augum eða gengið þar um. Þingstaðurinn á eyjunni er einhver óaðgengilegasti minjastaður landsins og samspil minjanna í þingey og Skuldapíngsey hefur enginn getað skýrt og gerir það eyjuna enn dularfyllri en ella. Loks er almennt lífið vitað um þingstaðina á landsvísu þótt stöðugt sé að safnast í sarpinn. Það er mat okkar sem förum fyrir Hinu þingeyyska fornleifafélagi að vert sé að reyna að viðhalda þessari dulúð og leggja fremur áherslu á að þeir gestir sem kunna að sækja eyjuna heim, noti ímyndunaraflið og gangi um án þess að hafa miklar staðreyndir í höndunum heldur fremur efni sem ýtt getur undir vangaveltur um hvað hafi mögulega átt sér þar stað og hvað mögulega ekki. Enn sem komið er vitum við lífið um það sem fór fram í eyjunni og það kann að vera kostur að vita ekki of mikið. Því minna sem við vitum, því frjálssari verðum við til að láta hugann reika og tilgátusmíðin verður lausari í böndunum en jafnframt er þá erfiðara að hrekja tilgáturarnar og því getur hver sem er haft „rétt fyrir sér“. Leiða má fólk um eyjuna með skipulögðum gönguferðum með leiðsögn, með skiltum og prentuðum upplýsingum um minjarnar sem þar eru og það hlutverk sem þær kunna að hafa haft en auk þess gefur tæknin okkur óteljandi möguleika, s.s. með stafrænni leiðsögn um eyjuna í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur og fl. og fl. Þá er HÞF í samstarfi við Þingeyyskan sagnagarð og það eru sameiginleg áform beggja félaga að taka saman það helsta sem ritað hefur verið um þingey og Skuldapíngsey og gæti slíkt efni m.a. orðið undirstaða hverskonar leiðsagnar um eyjuna.

En til lífils er að örva ímyndunarafli gesta og bjóða þeim rafræna leiðsögn ef þeir komast ekki út í eyjuna með þolanlegu móti án þess að leggja líf sitt í hættu. Margar skoðanir má hafa uppi um hve aðgengið skuli vera almennt og gott. Sumir sem skoðanir hafa óttast umferð hesta verði fljótið brúað og aðrir óttast umferð torfæruhjóla og aðrir óttast þær afleiðingar sem fjöldi ferðamanna hefur í för með sér sé umferð ekki stýrt með göngustígum og sé hreinlætisaðstaða ekki til staðar. Þá er ótalin sú staðreynd að aukin umferð að eyjunni hefur áhrif á það umhverfi sem ekið er um á leið að upphafsstað og aukinn

umferðarpungi gerir kröfu um bætt umferðarmannvirki s.s. vegi, bílþlön (einkabílar og /eða rútur) o.s.frv.

Það er mat stjórnar HÞF að rétt sé að stíga hægt og afar varlega til jarðar þegar kemur að breytingum á aðgengi að Þingey og að allar framkvæmdir verði afturkræfar ef ástæða verði talin til. Einfaldasti og jafnframt ódýrasti möguleikinn kann að vera að nýta eyjurnar saman sem minjasvæði. Gestir hæfu göngu við Skipapoll þaðan sem gengið yrði yfir núverandi stíflu yfir á Skuldabíngsey sem gera má örugga yfirferðar án mikils tilkostnaðar. Þaðan yrði stikuð gönguleið um minjarnar í Skuldabíngsey og áfram til suðurs þar sem komið yrði fyrir dragferju yfir gljúfrið yfir í Þingey en einnig mætti sjá fyrir sér hengibrú en þær má víða finna og þjóna vel í líkum tilgangi. Þaðan yrði stikuð gönguleið til suðurs að Þingstaða minjunum og áfram mætti halda til vesturs að Barnafossi og þaðan til baka að dragferjunni yfir í Skuldabíngsey. Komið yrði fyrir skiltum í samráði við þar til bæra aðila um minjarnar sem í eyjunum er að finna (Fornleifavernd ríkisins) en markmiðið væri fyrst og fremst að örva og ýta undir tilgátusmíði þeirra sem nytu og kenna þeim að lesa landið og sjá minjarnar rísa úr múnunum þegar áhorfandanum yrði ljóst á hvað ætti að horfa og hvers væri að leita.

Færa má fyrir því rök að eyjan væri vel komin í umsjón frjálsra félagasamtaka s.s. Hins Þingeyska fornleifafélags en félagið hefur á tæpum áratug getið sér gott orð sem leiðandi aðili í fornleifarannsóknum í héraðinu og félaginu hefur gengið afar vel að afla fjár til rannsókna þó vissulega hafi mjög dregið úr styrkjum til fornleifarannsókna eftir hrun. Rétt er að geta þess að félagið er stofnaðili og stendur að Urðarbrunni – félagi um miðlun og menningu ásamt Fornleifaskóla barnanna og Þingeyskum sagnagarði en í sameiningu reka þessi þrjú systurfélög Urðarbrunn – þekkingar og þróunarsetur á Laugum. Í Urðarbrunni hafa einstaklingar starfsaðstöðu (skrifstofuhótel) og háskólanemar geta þar stundað fjarnám (samstarf við þekkingarnet Þingeyinga) auk þess að starfsmaður Urðarbrunnis, Baldur Danielsson, hefur þar starfsaðstöðu og sinnir verkefnum félaganna þriggja sem að Urðarbrunni standa (Unnsteinn Ingason).

Viðauki 3

Upplýsingar og fréttir um Þingey úr dagblöðum og heimasíðum

Ritað af: Morgunblaðinu, Fornleifastofnun Íslands
Sótt af: Þekkingarnet Þingeyinga (HK)
Dags.: Júní-sept. 2012

Í grein **Morgunblaðsins** sunnudaginn 28. júní 1998 er fjallað um Þingey og tillögur þess efnis að gera hana að útivistarsvæði. Greinarhöfundurinn Anna G. Ólafsdóttir og Björn Gíslason ljósmyndari slógust í för með Halldóri Blöndal þáverandi samgönguráðherra og nokkrum heimamönnum og réru á árabát út í eyjuna. Tilgangur ferðarinnar var að kanna aðstæður og skoða möguleika á því að bæta aðgengi út í eyjuna.

Sagt er frá því í greininni að Vésteinn Steingrímsson bóndi á Vaði hafi róið yfir Skipapoll og út í eyjuna Þingey sem Þingeyjarsýslur draga nafn sitt af. Fram kemur að ekki hafi veitt af því að fá góða kynningu á staðnum eftir að komið var út í eyju því fá svæði á láglandi Íslands eru jafn fáförl. Eftir kynningu á þessum farna þingstað skoðuðu ferðalangarnir hugsanleg brúarstæði af landi og var það samdóma álit þeirra að best væri að smíða tvær brýr þar sem farið væri yfir þá fyrri af landi og út í Skuldapíngsey og þaðan yfir þá seinni að norðausturhluta eyjunnar.

Í greininni koma einnig fram heimildir jarðfræðinga sem telja að undirstaða eyjunnar megi rekja til hrauns sem runnið hafi frá Trölladyngju í Ódáðahrauni fyrir um sjö þúsund árum. Eyjan var í eigu ríkisins lengst af en var afhent Suður – Þingeyjarsýslu með löggjöf þann 29. mars 1961 með þeim skilyrðum að hún yrði friðuð fyrir ágangi búfjár og að minjar um hið farna þinghald yrði verndað. Þó er ¼ hluti eyjunnar enn í einkaeign á móti ¾ hlutum sýslunnar.

Fram kemur að langan tíma hafi tekið að ná einhverju samkomulagi um nýtingu eyjunnar og þær hugmyndir héraðsnefndar að gera hana að útivistarsvæði. Eftir að samkomulag náðist ætli héraðsnefnd að láta gera skipulagsuppdrátt af eyjunni og aðkomu að henni. En til þess að hægt verði að nálgast þessar hugmyndir og gera þær að raunveruleika verði að gera brú út í hana. Halldór Blöndal sagði í ferðinni að á vegaáætlun væri gert ráð fyrir að brúarsmiðin kostaði um þrjár milljónir króna. Hann taldi þó litlar líkur á að hægt væri að hefjast strax handa við smíðina sökum umhverfismats sem yrði að fara fram áður. Að lokum er vitnað í Sigurð Rúnar Ragnarsson framkvæmdastjóra Héraðsnefndar Þingeyinga sem segir að væntanlega verði hugað að undirbúningi brúarsmiðar strax þetta sumar en ekki sé endanlega búið að taka ákvörðun um hvort hún verði gerð fyrir bílaumferð eða ekki. Það sé þó til umhugsunar vegna öryggisatriða og birgðahalds en það séu þó allir sammála um að bílaumferð um eyjuna verði ekki leyfð. Heimamönnum þyki einnig hyggilegt að leggja göngustíga um hana, gera reiðleiðir og koma upp snyrtiaðstöðu. Einnig verði merkingum komið upp varðandi þinghaldið og fræðslufni í tengslum við það. Nefndin geri ráð fyrir að þetta útivistarsvæði sé mögulegt að opna í Þingey innan tveggja ára (Anna G. Ólafsdóttir, 1998).

Á vef **Fornleifastofnunar Íslands** má finna stutta frétt um ferð félaga í Hinu Þingeyska fornleifafélagi út í Þingey en fréttin birtist á síðunni þann 8. júlí 2005. Tilgangur ferðarinnar var að skoða þingminjar og uppgröft þann sem hafist hafði tveimur árum áður en þessi ferð var farin. Formaður félagsins, Unnsteinn Ingason, hafði veg og vanda að ferðinni en ferðalangar þurftu að vaða yfir fljótið og yfir í eyjuna. Þar tók Adolf Friðriksson fornleifafræðingur á móti þeim og fræddi þau um fyrstu niðurstöður uppgraftrarins og minjarnar á eyjunni. Meðal leiðangursmanna í þessari ferð voru þáverandi ráðherrarnir Valgerður Sverrisdóttir og Jón Kristjánsson auk þáverandi forseta Alþingis Halldórs Blöndal (Fornleifastofnun Íslands, sjá slóð í heimildaskrá).

Eins og sjá má glögglega eru þarna liðin sjö ár á milli ferðarinnar sem farin var á árabátnum og þeirrar síðarnefndu hér sem vaðin var. Það þýðir að engin brú hefur enn verið smíðuð yfir í eyjuna.

Þann 3. júlí 2005 birtist grein í **Morgunblaðinu** undir yfirskriftinni „Rannsaka meintar búðaleifar í Þingey“ en þar segir frá þeim fornleifarannsóknnum sem getið er um hér að ofan í verkefnaskránni. Sagt er frá því að fjórir erlendir fornleifafræðingar verði þar að störfum ásamt fleirum og muni þeir grafa í meintar búðarústir í Þingey. Tilgangurinn sé sá að fá hugmynd um aldur og þykkt mannvistarlaga og því verði grafnir könnunarskurðir í gegnum

garðlög á rústasvæðinu einnig. Í samtali við unnstein Ingason formann Hins Þingeyyska fornleifafélags er uppgjöfturinn á. (Morgunblaðið, sjá slóð í heimildaskrá).

Stuttu síðar, eða þann 11. júlí 2005, er önnur grein birt í **Morgunblaðinu** undir yfirskriftinni „Gera Þingey aðgengilega fyrir ferðafólk“ en þar er sagt frá ferð sem Hið Þingeyyska fornleifafélag og Fornleifastofnun stóðu fyrir. Þemað var „Laxamýri I Gamlir garðar og athyglisverðar tóftir“ og var ferðin farin að kvöldi fimmtudagsins 7. júlí 2005. Í greininni er sagt frá hugmyndinni um að gera Þingey aðgengilegri ferðafólki og öðrum sem áhuga hafa á sögu Þingeyjarsýslu, en til þess þyrfti að geragöngubrú eða annað samgöngumannvirki þannig að ekki þyrftu allir að fara í vöðlum eins og nú er. Fram kemur að þátttakendur í ferðinni hafi útbúið í vöðlum og síðan vaðið yfir tvær kvíslar en einnig getað haldið sér í kaðla sem þá höfðu verið strengdir yfir í eyna. Þegar í eyjuna var komið hélt Adolf Friðriksson forstöðumaður Fornleifastofnunar tölu um sögu staðarins og sagði frá þeim tilgátum sem uppi væru um staðinn sem vorþingstað. Þá fór hann með hópinn að þeim stöðum sem grafið hafði verið í undanfarnar tvær vikur og sagði frá bráðabirgðaniðurstöðum varðandi þær upplýsingar sem nú þegar hefðu komið fram. Til dæmis að lítil ummerki eru um mannavist, engin bein og engin aska en það styður þá kenningu að ef til vill hafi þarna verið þinghald á sumrin og þess vegna hafi ekki þurft að kynda eld (Morgunblaðið, sjá slóð í heimildaskrá).

Í grein **Morgunblaðsins** þann 5. mars 2005 er sagt frá hinu nýstofnaða áhugamannafélagi um Þingeyyskan sagnagarð því sama og er getið um hér að ofan en tilgangur félagsins er að afla nýrrar þekkingar, safna og miðla söguþekkingu á svæðinu og verður því meginmarkmið félagsins að stuðla að varðveislu forn- og menningarminja, efla rannsóknir og skapa þannig sterkari forsendur fyrir menningartengdri ferðaþjónustu. Þannig verði upplýsingamiðlun gerð markvissari og ýmsir viðburðir settir upp í tengslum við verkefni.

Jóhann Guðni Reynisson sem er í stjórn félagsins segir að ýmsar hugmyndir hafi komið fram á stjórnarfundum meðal annars að tengja saman Goðafoss, Þingey og Þorgeirskirkju. Þessir þrjú staðir myndi nokkurs konar þríhyrning þar sem heiðni og kristni mættust á sínum tíma, þarna sé því sannkallaður sagnagarður. Þessu verkefni hefur Hið Þingeyyska fornleifafélag sýnt mikinn áhuga og vill að rannsóknir verði auknar á svæðinu sem yrði þá samvinnuverkefni á milli þessara tveggja félagsamtaka auk Fornleifastofnunar Íslands. Eitt af brýnum verkefnum sem Jóhann Guðni segir að ráðast verði í er aðgengi að þessum stöðum meðal annars að Þingey en þar hafi menn gert sér hugmyndir um að setja upp kláf eða göngubrú yfir í eyjuna. Þá segir hann að nú sé hægt að segja að gamall draumur um héraðsgarð sé að rætast og stólar á það að með samstilltu átaki fjölmargra aðila geti það tekist og muni þannig hagsmunir ferðaþjónustu á svæðinu, áhugi almennings og íslenskur menningararfur fara vel saman (Morgunblaðið, sjá slóð í heimildaskrá).

Heimildaskrá

- Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Howell Roberts og Oscar Aldred. 2007. Fornleifarannsóknir í S-Þingeyjarsýslu 2006 – Samantekt um vettvangsrannsóknir í Skuldabíngsey, Þegjandidal, á Litlu-Núpum og Fljótsheiði. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.
- Anna G. Ólafsdóttir. 1998. Eyjan gleymda í Skjálfafljóti. *Morgunblaðið*.
- Archive.org. 2012. Til Konráðs Gíslasonar. Sótt 11. september 2012 af http://www.archive.org/stream/ritsendibref00jona/ritsendibref00jona_djvu.txt
- Atli Vigfússon. 2005. Gera á Þingey aðgengilega fyrir ferðafólk. *Morgunblaðið*, 1. júlí. Sótt 10. september 2012 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1027559/>
- Atli Vigfússon. 2005. Rannsaka meintar búðaleifar í Þingey. *Morgunblaðið*, 3. júlí. Sótt 10. september 2012 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1026268/>
- Atli Vigfússon. 2005. Vill bjóða ferðafólki undir feld Þorgeirs. *Morgunblaðið*, 5. mars. Sótt 11. september 2012 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1004984>
- Daði Lange. 2012. Viðtal höfundar við Daða Lange um vettvangsferð í Þingey, 18. júlí.
- Einar Laxness. 1995. *Íslandssaga a-ö. III. bindi*. Vaka Helgafell hf. Reykjavík.
- Fornleifastofnun Íslands. 2005. Ráðherrar og höfðingjar í Þingey. Sótt 20. nóvember 2012 af http://www.fornleif.is/?ew_news_onlyarea=&ew_news_onlyposition=3&cat_id=19901&ew_3_a_id=143339
- Fornleifastofnun Íslands. 2012. Þingey. Sótt 11. september 2012 af http://www.instarch.is/rannsoknir/uppgroftur/thinghald_ad_fornu/thingey/
- Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason. 1992. *Grágás – Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Mál og Menning. Reykjavík.
- Halldór Valdimarsson. 2012. Bréf til höfundar, 16. október.
- Hermann Vilhjálmsson. 1987. *Árbók Þingeyinga*. Árg. XXX. Ritstj: Finnur Kristjánsson. Prentverk Odds Björnssonar Hf. Akureyri.
- Hið Þingeyska forleifafélag. 2012. Unnsteinn Ingason. Bréf til höfundar, 6. september.
- Hið Þingeyska forleifafélag. 2005. Verkefnaskrá Hins Þingeyska forleifafélags 2005. Sótt 10. september 2012 af <http://www.fornleifafelag.is/?p=showsubcats&cid=14>
- Hið Þingeyska forleifafélag. 2006. Rannsóknir hafnar í Skuldabíngsey. Sótt 11. september 2012 af <http://www.fornleifafelag.is/?p=news&id=44>
- Jakob Benediktsson. 1974. *Saga Íslands I. bindi*. Prentsmiðjan Oddi hf. Reykjavík.
- Ketill Indriðason. 1971. *Árbók Þingeyinga*. Árg. XIV. Ritstj: Bjartmar Guðmundsson og

Sigurjón Jóhannesson. Prentverk O.B Hf. Akureyri.

Tryggvi Finnsson. 2012. Viðtal meðhöfundar við Tryggva Finnsson um Þingey, 20. nóvember.

Vésteinn Garðarsson. 2012. Viðtal meðhöfundar við Véstein Garðarsson um Þingey, 26. nóvember.

Wikipedia. 2012. Grágás. Sótt 13. júlí 2012 af <http://is.wikipedia.org/wiki/Gr%C3%A1g%C3%A1s>

Wikipedia. 2012. Skjálfafljót. Sótt 12. september 2012 af <http://is.wikipedia.org/wiki/Skj%C3%A1lfandafli%C3%B3t>

Wikipedia. 2012. Þjóðveldisöld. Sótt 25. júlí 2012 af <http://is.wikipedia.org/wiki/%C3%9Ej%C3%B3v%C3%B0veldis%C3%B6ld>

Yann Kolbeinsson. 2012. Bréf til höfundar, 18. júlí.

Þingstaðarannsóknir 2004 – Þingey. 2004. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Þórir Baldvinsson. 1959. Árbók Þingeyinga. Árg. 11. Ritstj: Bjartmar Guðmundsson. Prentverk Odds Björnssonar Hf. Akureyri.

Myndaskrá

Myndir 1, 2 og 3. Framvinduskýrsla um verkefni Hins Þingeyska fornleifafélags sumarið 2005.

Mynd 4. Guðmundur Heiðreksson, 2012.

Myndir 5, 6, 7 og 8. Halldór Valdimarsson 16. október 2012.

Myndir á forsiðu:

Efri mynd til vinstri. Loftmynd af Þingey. Tekið af:

http://www.instarch.is/rannsóknir/uppgroftur/thinghald_ad_fornu/thingey/

Efri mynd til hægri. Kort af Þingey.

Neðri mynd til vinstri. Teikning Brynjúlfs Jónssonar af Þingstaðnum í Þingey. Tekið af:

http://www.instarch.is/rannsóknir/uppgroftur/thinghald_ad_fornu/thingey/

Neðri mynd til hægri. Uppdráttur effir mælingum í Þingey 2004. Tekið af:

http://instarch.academia.edu/AdolfFridriksson/Papers/756783/Thingstadarannsoknir_2004